

mynd:
Google earth

Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025

Rammahluti fyrir Hraun vestur

Tillaga

nóvember 2025

KRADS arkitektar
26.11.2025

Skjal sótt af '00000000000' dags: 11.11 2026

Efnisyfirlit

1. Inngangur 6

1.2 Forsaga 8
1.2 Tilgangur breytingarinnar 8
1.3 Markmið 10
1.4 Þétting byggðar 11

2. Forsendur og staðhættir 12

2.1 Skipulagssvæðið 14
2.2 Starfsemi og innviðir 14
2.3 Saga og minjar 16
2.4 Landsskipulagsstefna 2024-2038 17
2.5 Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 17
2.6 Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 gildandi ákvæði 17
2.7 Deiliskipulag, gildandi 17

3. Þróun svæðisins - þróunaráætlunin 18

3.1 Byggð þróuð til framtíðarinnar 21
3.2 Væntanlegur íbúafjöldi í Hraun vestur og búsetuform 21
3.3 Gatnakerfið 22
3.4 Þveranir yfir stofnbrautir 23
3.5 Bílastæði 24
3.6 Starfsemi og innviðir 26
3.6 Grunn- og leikskólamál 28

4. Breyting á aðalskipulagi 30

4.1 Almenn atriði 32
4.2 Sérákvæði breytingarinnar 32
4.3 Hraun vestur, rammahluti aðalskipulags 34
4.4 Helstu markmið og nálgun tillögunnar 34
4.5 Megin hugmynd / heildarmynd 35
4.6 Uppbygging randbyggðar 36

5. Hverfi & reitir 38

5.1 Hverfi 1 - Gjótur 43
5.2 Hverfi 2 - Flatir 49
5.3 Hverfi 3 - Hjallar 53
5.4 Hverfi 4 - Hellur 57
5.5 Hverfi 5 - Trönur 61
5.6 Hverfi 6 - Dalur 65
5.7 Hverfi 7 - Stakkar 70
5.8 Aðferðafræði við fjölgun íbúða 74
5.9 Heildartöflur hverfa & reita 76
5.10 Heildartafla svæðis 77

6. Greiningar 78

6.1 Hlutfall verslunar & þjónustu 82
6.2 Göngu- og hjólastígar 83
6.3 Sólargreining 84
6.4 Vindgreining 85
6.5 Niðurstöður samgöngumats 86
6.6 Niðurstöður umhverfismats 88
6.7 Kynning & samráð 90
6.8 Skipulagsferlið 91
6.9 Deiliskipulagsvinna 92
6.10 Umsagnaraðilar 94
6.11 Heimildir og fylgiskjöl 95

Skjal sótt af '0000' dags: 11.11 2026

1

Inngangur

Skjal sótt af 0000000000 dags: 11.11.2026

1 Inngangur

Í greinargerð þessari er fjallað um breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 sem hefur að markmiði að breyta landnotkun í aðalskipulagi á skipulagssvæðinu Hraun Vestur úr athafnasvæði, verslun- og þjónusta, samfélagsþjónustu og íbúðabyggð í miðsvæði. Með þessu er ætlunin að breyta nýtingu á öllu svæðinu úr atvinnusvæði í miðsvæði/blandaða byggð s.s. byggð sem býður upp á búsettu, atvinnustarfsemi og þjónustu, þ.e.a.s. opna þannig möguleika á meiri fjölbreytileika á svæðinu. Þessi breyting er í samræmi við stefnu aðalskipulagsins um þéttingu byggðar og uppbyggingu á vannýttum svæðum, sem eru í göngufjarlægð frá miðbænum.

Á fundi bæjarstjórnar þann 1. júlí 2021 var samþykkt að vinna að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, á þann veg að á svæðinu verði skilgreind ný landnotkun M4 og gert ráð fyrir blandaðri byggð með áherslu á íbúðabyggð. Þéttleiki svæðisins verði aukinn. Ekki er meiningin að svæðið verði annar miðbær í samkeppni við gamla miðbæinn heldur að þar þróist blönduð byggð með bæjar- eða kaupstaðareinkennum, í vönduðu búsetuumhverfi og raunhæfum aðstæðum fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 5. júní 2024 að auglýsa skipulagslýsingu rammahluta aðalskipulags fyrir Hraun vestur í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Eftir kynningartíma voru unnin umhverfismatsskýrsla og umferðargreining.

Á fundi sínum 26. mars 2025 samþykkti bæjarstjórn að auglýsa tillögu á vinnslustigi og bárust athugasemdir við hana. Unnið hefur verið áfram með tillöguna með hliðsjón af framkomnum athugasemdum og var samþykkt á bæjarstjórnarfundi þann 18. júní 2025 að auglýsa hana. Skipulagsstofnun tók tillöguna til athugunar fyrir auglýsingu, í samræmi við 3. mgr. 30. gr. Skipulagslaga og heimila að skipulagstillagan verði auglýst.

Tillagan var í kynningu á tímabilinu 7. ágúst til 29. september 2025. Fjöldi athugasemda bárust og hefur þeim verið formlega svarað og unnið úr þeim. Uppfærð tillaga var samþykkt í bæjarstjórn 3. desember 2025.

Í kjölfar aðalskipulagsbreytingarinnar verður mögulegt að vinna að deiliskipulagsbreytingum reita þeirra aðila sem þess óska í samvinnu við umhverfis- og skipulagssvið. Þar verða unnar deiliskipulagsáætlanir þar sem gerð verður nánari grein fyrir uppbygging m.t.t. nýtingar, formunar bygginga, samspils opinna svæða og umhverfisgæða sem og áfangaskiptingu og settir skilmálar.

Umhverfismat áætlunarinnar er sett fram í umhverfismatsskýrslu, skv. 14. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021, og er hún fylgiskjal með greinargerð þessari, s. Niðurstöður matsins eru nýttar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.

Hraun vestur
Sviðsmynd frá grænu miðsvæði



Skjal sótt af '0000000' dags: 11.11 2026

1.1 Forsaga verkefnisins

Árið 2017 var haldin samkeppni þar sem fimm arkitektastofur skiluðu inn tillögum um nýtt skipulag Hrauns Vestur. Teiknistofa Arkitekta og KRADS arkitektar voru valin til að þróa hugmyndir sínar áfram í sameiningu og tvinna saman tillögur sínar. Afrakstur þeirra vinnu voru drög að Rammaskipulagi sem kynnt voru árið 2018, drög að því voru kynnt í skipulagsráði en hlutu þau ekki endanlega samþykkt.
Í framhaldi af þeirri vinnu var unnið að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Til varð skipulagslýsing sem var samþykkt af Bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 23.11.2022. Skipulagsstofnun veitti umsögn um hana dags 19.12.2022. Í umsögninni kom m.a. fram að lýsingin tæki ekki til allra þeirra þátta sem nauðsynlegt væri fyrir jafn stórt og flókið skipulagsverkefni/skipulagssvæði. Málsmeðferð lauk ekki.

Skipulags- og byggingarráð samþykkti 9.2.2023 að unnið yrði áfram að breyttu aðalskipulagi reitsins sem tæki mið af sjónarmiðum Skipulagsstofnunar dags. 19.12.2022. Ekki var unnið frekar í verkefninu fyrr en á vordögum 2023.

Umsögn Skipulagsstofnunar, það að almörg ár höfðu liðið frá því að unnið var að Rammaskipulaginu og að samþykkt hafði verið deiliskipulag á svæðinu „Gjótur“ sem gerði m.a. ráð fyrir nokkuð mikilli uppbyggingu og 490 íbúðum kölluðu á endurskoðun ákveðinna þátta Rammaskipulagsins.

Vinna við endurskoðun Rammaskipulagsins hófst vorið 2023 og til varð uppfærð áætlun, sem byggir á fyrri hugmyndum Rammaskipulagsvinnunnar, sem nú heitir Þróunaráætlun Hraun Vestur og lauk vinnu við hana vorið 2024. Aðalskipulagsbreyting þessi er samofinn Rammaskipulagi/Þróunaráætluninni fyrir Hraun vestur.

1.2 Tilgangur breytingarinnar

Fyrirkomulag byggðar á svæðinu Hraun Vestur nú er að mörgu leyti barn síns tíma þ.e.a.s. þegar unnið var með algera aðgreiningu á nýtingu svæða og mannvirkja þ.e.a.s. í byggð var almennt annað hvort um atvinnusvæði eða íbúðasvæði að ræða. Nú árið 2025 hafa hugmyndir um samsetningu byggðar m.t.t. blandaðrar nýtingar og flæðis fólks breyst mikið m.a. er lögð áhersla á að þétta og blanda byggð, er því komið að því að vinna að breyttum möguleikum til uppbyggingar svæðisins als. Þótti því skynsamlegt að leggja grunninn að því með gerð Þróunaráætlunar og breytingar svæðisins í miðsvæði í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar og horfa þannig til gagngerra breytinga á nýtingu svæðisins í skrefum.

Í núgildandi aðalskipulagi er stefnt að því að fullnýta byggingarmöguleika miðlægra svæða og lögð áhersla á að fjarlægðir milli íbúa og starfa verði styttar með blandaðri byggð. Gert er ráð fyrir að svæðið sem hér um ræðir sé þéttingarsvæði með aukinni íbúðabyggð í samræmi við stefnu aðalskipulagsins. Einkum er reiknað með íbúðum í sambýli við léttan iðnað, verslanir o.fl. sem fyrir er á svæðinu. Stefna aðalskipulagsins fellur að þessu leyti vel að markmiðum svæðisskipulags og fyrirhuguðum bættum almenningssamgöngum. Hraun Vestur liggur við samgönguás sem þjónar Hafnarfirði og er því æskilegt að auka þéttingu á svæðinu, sérstaklega við og í kringum biðstöðvar.

Hraun vestur
Sviðsmynd frá grænu miðsvæði



Skjal sótt af '0000' dags: 11.11.2026

1.3 Markmið

Helstu markmið með breytingunni eru m.a. eftirfarandi:

Að gæði og verðmæti svæðisins verði aukin með bættu umhverfi fyrir notendur og íbúa.

Að stuðla að betri nýtingu svæðisins með aukinni uppbyggingu og þéttingu byggðar.

Að heildaryfirbragði svæðisins verði breytt með aukinni fjölbreytni í nýtingu þess.

Að á svæðinu verði gott framboð atvinnu-, verslunar- og þjónustuhúsnæðis auk íbúðabyggðar.

Að stefna að því að byggðin verði þéttust meðfram samgönguás hágæða almenningssamgangna og að þar verði gert ráð fyrir starfsemi á jarðhæðum sem laðar til sín aukið mannlíf og fjölbreytni.

Að byggt verði á því sem fyrir er á svæðinu eins og kostur er og raunhæft þykir svo fremi sem það fellur að heildarsýn svæðisins.

Að reikna með því að reitir geti byggst upp í áföngum. gera þarf grein fyrir því í deiliskipulagi reitsins.

Að stuðla að gæðum svæðisins m.a. í byggingum, götuhliðum, götu- og almenningsrýmum.

Að huga að umhverfisgæðum í byggðinni, opnum bæjarrýmum, útivistarsvæðum og gróðri.

Að leggja áherslu á vandaðan frágang bygginga, gott nærumhverfi þeirra og aðlaðandi yfirbragð byggðarinnar í heild.

Að umferðartengingar til og frá svæðinu verði góðar og að umferðaröryggi sé tryggt.


1.4 Þétting byggðar

Starfshópur var skipaður af skipulags- og byggingarráði Hafnarfjarðar í lok árs 2014 til að meta möguleika sem kunna að vera til staðar í hverfum Hafnarfjarðar og í jöðrum byggðar, til þéttingar byggðar. Afurð þessarar vinnu var skýrslan „Hafnarfjörður þétting byggðar“ frá 2016. Í henni má m.a. finna stefnu um fjölbreytta uppbyggingarmöguleika innan þéttbýlismarka næstu tuttugu og fimm árin, mismunandi sviðsmyndir sem sýna megináherslur í uppbyggingu auk tillagna að þéttingar- og þróunarsvæðum.

Í greinagerð starfshópsins kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Bærinn hefur á rúmri öld vaxið og þróast úr sjávarþorpi með 1500 íbúa í um 30 þúsund íbúa bæjarfélag, sem myndar samfellda byggð með öðrum sveitarfélögum Höfuðborgarsvæðisins, Garðabæ, Kópavogi, Reykjavík og Mosfellsbæ. Íbúar á Höfuðborgarsvæðinu voru rúmlega 211 þúsund í ársbyrjun 2015 og hafði þá fjölgað um 2500 frá árinu áður. Hafnfirðingar eru rúm 30 þúsund.“

„Höfuðborgarsvæðið er eitt þjónustu-, atvinnu- og búsetusvæði. Samgöngur er einn lykilþátturinn þegar horft er til þess hvar og hvernig fólksfjölgun verður næstu áratugina. Þar liggja áskoranir og tækifæri. Svæðisskipulag Höfuðborgarsvæðisins 2040 hefur sett fram mjög skýra stefnu hvernig haga skuli uppbyggingu. Í stefnunni er áætluð íbúafjölgun, byggðarmörk skilgreind og sett fram tillaga að öflugu almenningssamgöngukerfi til þess að



Skjal sótt af '0000' dags: 11.11 2026

2

Forsendur & staðhættir

Skjal sótt af '000000000' dags. 11.11.2026

2 Forsendur & staðhættir

2.1 Skipulagssvæðið

Aðalskipulagsbreytingin nær til 32 ha reits í Hraunum-vestur, sem afmarkast af Fjarðarhrauni, Hjallahrauni, Reykjavíkurvegi. Landnotkun reitsins er samkvæmt gildandi aðalskipulagi íbúðarbyggð, verslun- og þjónustusvæði, samfélagsþjónustusvæði en að langstærstum hluta athafnasvæði. Svæðið er vel staðsett hvað varðar göngufjarlægðir innan Hafnarfjarðar sem og m.t.t. umferðartenginga innan bæjar og á höfuðborgarsvæðinu. Stutt er í alla þjónustu og miðbær Hafnarfjarðar er í göngufæri.

Landsvæðið er byggt á hrauni og er nú að mestu full byggt. Hraunbolli, tæpir 0,4 ha að flatarmáli, er það sem eftir stendur af ósnortnu hrauni innan svæðisins. Landið er nokkurn veginn flatt og lítið um gróður. Innan svæðisins liggja göturnar Hjallahraun, Helluhraun og Gjótuhraun.



2.2 Starfsemi og innviðir

Starfsemi á svæðinu er fjölbreytt og blómleg enda er svæðið afar vel staðsett m.t.t. tenginga við byggð í Hafnarfirði og á höfuðborgarsvæðinu þar sem það liggur við megin umferðaræð suður-norður á höfuðborgarsvæðinu. Byggðin er nokkuð sundur leit og iðnaður hefur víða vikið fyrir verslun, þjónustu, íbúðabyggð og annarri starfsemi. Á síðari árum hefur svæðið þróast í þá átt að bera frekar einkenni miðsvæðis með veitingastöðum, verslunum, skrifstofum og tengdri þjónustu. Talsverð ásókn er í búsetu á svæðinu.

Í dag eru á svæðinu vel yfir 100 fyrirtæki í ýmiskonar atvinnustarfsemi. Flest eru þetta fyrirtæki í matvælaframleiðslu eða veitingarekstri (u.þ.b. 35) og bifreiðaþjónustu (u.þ.b. 25). Einnig eru þar heildsölur, þjónustufyrirtæki og verslanir. Það er lykilatriði fyrir framtíðarskipulag í hverfinu að halda í sem flesta af þessum vinnustöðum. Á svæðinu eru einnig um 100 íbúðir. Langflestar í fjölbýlishúsum á sv-horni svæðisins.

Starfsemin er af ýmsum toga og sum passar betur en önnur í bland við meiri íbúabyggð og fleiri stofnanir. Það er horft til þess að eftir því sem hverfið tekur að byggjast og þéttast muni viðeigandi starfsemi haldast innan hverfisins á meðan önnur starfsemi þar sem grenndaráhrif eru mikil (t.d. mengandi, hávær eða plássfrekari starfsemi) muni heldur velja að flytja í ný atvinnuhverfi bæjarins og nýta heldur lóðir sínar innan svæðisins á annan hátt. Þar sem starfsemi fer fram þarf að huga að snyrtilegu umhverfi á lóðum.


Stofnæðar svæðisins og veitukerfi liggja um Reykjavíkurveg, Hjallahraun og Helluhraun og tengjast frá þeim inná viðkomandi reiti svæðisins. Hluti af samvinnu/samtali við deiliskipulagsgerð verður að vinna að raunhæfum og góðum lausnum veitumála á svæðinu.



Núverandi starfsemi

Byggðir fermetrar: 131.575
NH: 0,39

- **44%** Iðnaður
- **24%** Skrifstofur
- **20%** Verslun/Þjónusta
- **8%** Íbúðir
- **3%** Gisting/Hótel
- **1%** Veitingastaði



Skjal sótt af 'OOOOOOOOOO' dags: 11.11 2026

Saga & minjar


2.3 Saga & minjar

Stærstur hluti svæðisins byggðist upp á árabilinu frá 1964 til 1986. Á fyrri hluta 20. aldar voru saltfiskreitir og skreiðahjallar á svæðinu en fyrstu húsin voru byggð þar 1958. Fjögur hús eða húshlutar sem byggðir voru fyrir 1960 standa enn við Reykjavíkurveg. Uppbygging syðst og nyrst á svæðinu er þó að mestu frá því um og eftir aldamót til dagsins í dag. Á árunum 2006 – 2007 voru byggð fjölbýlishús (um 100 íbúðir) á þeim hluta svæðisins sem næstur er miðbænum sunnarlega á svæðinu. Í dag er Hraun vestur líflegt verslunar- og þjónustusvæði og á sér þar nú þegar stað mikil gerjun og vöxtur fyrirtækja.

Húsakönnun fyrir svæðið liggur fyrir (Batteríið 2017). Í henni er lagt mat á listrænt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfis gildi, upprunalegt gildi og tæknilegt ástand mannvirkja. Þar er einnig að finna ágrip af sögu svæðisins. Einungis tvær byggingar á svæðinu eru metnar með miðlungs varðveislugildi (heildarmat) en önnur mannvirki fá lágt mat hvað varðveislugildi varðar. Engar friðlýstar byggingar eru á svæðinu eða byggingar sem falla undir almenn verndarákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Engar þekktar fornleifar eru á svæðinu.

Hraun vestur
Loftmynd af svæðinu frá 1956



Hraun vestur
Loftmynd af svæðinu frá 2001



Tengsl við aðrar áætlanir & skipulagsleg staða

2.4 Landskipulagsstefna 2024-2038

Í landsskipulagsstefnu eru m.a. sett fram almenn markmið um gæði byggðar í þéttbýli og sjálfbærni. Mörg stefnumið hennar eiga við breytt aðalskipulag Hrauna-vestur á einn eða annan hátt við m.a.: vernd umhverfis og náttúru, velsæld samfélags, samkeppnishæft atvinnulíf, sjá nánar í gögnum stefnunnar.

2.5 Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er mörkuð stefna um að draga úr útþenslu byggðar og jafnframt er lögð áhersla á skilvirkar almenningssamgöngur. Þar koma fram áform um uppbyggingu meginsamgönguass, þ.e. léttlestar- eða hraðvagnakerfis milli þéttbýliskjarna á höfuðborgarsvæðinu. Meðfram meginsamgönguás er gert ráð fyrir þéttingu byggðar. Breytingin styður við markmið um að meginþunga vaxtar verði beint á miðkjarna og önnur samgöngu miðuð þróunarsvæði og er stefnt að því að hlutfall íbúðabyggðar á þeim svæðum vaxi úr 30% í 66%. Breytingin er almenn og sett fram á táknrænan hátt. Í henni felst því ekki nákvæm staðsetning og útfærsla þar sem skipulagsuppdráttur er óljós. Áformuð breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 er í samræmi við markmið svæðisskipulagsins og auglýsta breytingu á því, sjá nánar í gögnum stefnunnar.

2.6 Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 gildandi ákvæði

Í aðalskipulagi Hafnarfjarðar er skipulagssvæðið skilgreint í eftirfarandi fimm svæði:

ÍB2; Íbúðasvæði	**7,40**	**ha**
ÍB14; Íbúðasvæði	**2,60**	**ha**
VÞ2; verslun og þjónusta	**1,40**	**ha**
AT1; athafnasvæði	**19,07**	**ha**
S10, lögreglustöð	**0,20**	**ha**

Merking	Heiti	Stærð ha	Lýsing
ÍB2	Reykjavíkurvegur - Flatahraun	7,4	Á svæðinu verður íbúðarbyggð í samræmi við markmið um þéttingu byggðar. Einkum er reiknað með fjölbýlishúsum í sambýli við léttan iðnað, verslanir o.fl. sem fyrir eru á svæðinu
ÍB14	Reykjavíkurvegur–Hjallahraun–Helluhraun-Gjótur	2,6	Á svæðinu verður íbúðarbyggð í samræmi við markmið um þéttingu byggðar. Einkum er reiknað með fjölbýlishúsum í sambýli við léttan iðnað, verslanir o.fl. Allt að 500 íbúðir
VÞ2	Svæði við Reykjavíkurveg	1,4	Bensínstöðvar með söluaðstöðu, veitingahús
AT1	Reykjavíkurvegur–Fjarðarhraun	19,07	Full byggt, en rými fyrir breytingar
S10	Lögreglustöð	0,2	Lögreglustöð Hafnarfjarðar

2.7 Deiliskipulag, gildandi

Deiliskipulagsáætlun frá 1985 er í gildi fyrir svæðið, hún afmarkast af Reykjavíkurvegi, Flatahrauni og Fjarðarhrauni og nær yfir mestan hluta svæðisins og er hann enn í gildi fyrir einstaka reiti/lóðir. Unnar hafa verið margar breytingar á þeirri áætlun.

Skjal sótt af '0000' dags: 11.11 2026

3

Próun svæðisins

Skjal sótt af '0000000' dags. 11.11.2026

3 Þróun svæðisins Þróunaráætlunin

Aðalskipulagsbreytingin byggir á Þróunaráætlun Hrauns Vestur, vor 2024, sem hefur það hlutverk að gefa leiðbeinandi heildarsýn um þróun skipulagssvæðisins, áætlunin var samþykkt í skipulags- og byggingaráði og Bæjarstjórn. Þróunaráætlunin er sett fram sem leiðbeinandi áætlun um uppbyggingarheimildir sem síðan verða útfærðar nánar í aðalskipulagi og í samvinnu aðila tengt deiliskipulagsvinnunni.


Miklir möguleikar felast í framtíðaruppbyggingu á svæðinu og er það m.a. vegna þeirra innviða sem þegar eru til staðar og staðsetningar þess miðsvæðis m.a. nálægðar við íbúðabyggð, miðbæ, græn útivistarsvæði og samgöngur (stofnbrautir, borgarlínu). Miklu máli skiptir að svæðið tengist bænum vel í framtíðinni og að byggð verði blandaðri til þess að tryggja góða nýtingu, þéttari og vistvænni byggð. Stefnt er að því að hverfið verði svonefnt fimm mínútna hverfi, þ.e. fimm mínútna göngufjarlægð sé frá miðju hverfisins í alla þjónustu.



Mynd 4 - Þróunaráætlun
Núverandi byggð og þróunaráætlun að húshæðum og ramma til uppbyggingar á svæðinu.

3.1 Byggð þróuð til framtíðar

Þróunaráætlunin er unnin á forsendum þeirrar byggðar sem fyrir er m.a. þannig að þau mannvirki sem eru til staðar geti staðið áfram og breyst í takt við það byggðamynstur og þá notkun sem þau eru hluti af og tillagan leggur til. Megin hugmyndin er að byggðin rísi hæst í útjaðri svæðisins þar sem mest verslun og þjónusta er og mest umferð. Byggðin lækkar inn að miðju svæðis og umhverfið verður grænna. Nýr rammi byggir því á að í framtíðinni verði til úr núverandi byggð og nýrri uppbyggingu, svokölluð randbyggð. Græn svæði og inngarðar myndast innan randbyggðarinnar.



Einkenni byggðar - útveggur og inngarður
Byggðin rýs hæst skv. þróunaráætlun í útjaðri svæðisins þar sem mest verslun og þjónusta er og mest umferð. Byggðin lækkar inn að miðju svæðis, umhverfið verður grænna og hlutfall íbúða eykst.

3.2 Væntanlegur íbúafjöldi í Hraun vestur og búsetuform

Í Svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins 2040 segir í kafla um breyttar húsnæðisþarfir bls. 21:

> *„Þróun í lýðfræði á höfuðborgarsvæðinu bendir í þá átt að heimilum án barna fjölgi hlutfallslega meira en heimilum með börn“.*
>
> *„Breytt aldurssamsetning og fjölskyldumynstur eru líkleg til að hafa markverð áhrif á húsnæðismarkaðinn. Á grundvelli þessa má gera ráð fyrir hlutfallslega minni spurn eftir íbúðum fyrir barnafólk. Sú aukna spurn sem er nú eftir minni íbúðum er því líkleg til að verða viðvarandi, sérstaklega í ljósi mikillar fjölgunar í aldurshópnum 67 ára og eldri.“*

Hraun Vestur mun bjóða upp á íbúðir tiltölulega miðsvæðis í bæjar-/borgarmiðuðu umhverfi þar sem gott aðgengi er að margvíslegri þjónustu ásamt almenningssamgöngum. Gengið er út frá því að svæðið muni höfða til margra hópa, en þó ekki síst fyrstu kaupenda og yngra fólks. Samanber tilvísun hér að framan má leiða líkum að því að það muni þó fyrst og fremst höfða til barnlausa einstaklinga og para og er m.a. gert ráð fyrir 2,2 íbúa á íbúð. Reiknað er með 2.500-3.000 íbúðum á fullbyggðu svæði Hrauns Vestur með íbúðabyggðin í Gjótum/Trefjareitnum og það þýðir að reiknað má með 5.500-6.600 nýjum íbúum á svæðinu.

Skjal sótt af '0000' dags: 11.11 2026

3.3 Gatnakerfið

Gatnakerfið er uppfært á grunni núverandi gatnakerfis og aðlagað nýrri byggð með tímanum. Mögulegt er að hluti nokkurra núverandi bygginga þurfi að víkja fyrir gatnagerð í framtíðinni en það fer eftir þróun nærliggjandi lóða. Markmiðið er að leggja áherslu á fjölbreytta samgöngumáta, sem m.a. kemur til með að stuðla að dreifðara umferðarálagi um hverfið og að uppbygging svæðisins ýti undir það að þeir sem komi á svæðið velji að koma þangað gangandi, hjólandi eða með almenningssamgöngum. Svæðið er vel staðsett m.a. vegna góðra tenginga við megin samgönguæðar höfuðborgarsvæðisins. Fyrirhugaðar bættar almenningssamgöngur munu styrkja þá tengingu enn frekar. Biðstöðvar almenningssamgangna eru áætlaðar við gatnamót Hjallahrauns og Reykjavíkurvegar en þaðan eru tengingar góðar fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur við hverfið.

Lega aðalgatna hverfisins verður óbreytt, en reiknað er með að gerð þeirra breytist smám saman. Meðfram endurgerðum götum er gert ráð fyrir göngu- og hjólaleiðum. Reiknað er með að helstu tengingar inn á svæðið haldi sér en ljóst er að þær þarf að endurskoða og bæta í takt við breytingar á byggðinni.

Unnið var samgögnumat af Eflu samhlið tillögugerðinni og er það fylgiskjal með henni.

Breiðgötur | **Bæjargötur** | **Húsagötur & vistgötur**



3.4 Þveranir yfir stofnbrautir


Svæðið er umkringt umferðarþungum götum Fjarðahraun, Flatahraun og Reykjavíkurvegur. Áætlað er að skólastarfsemi verði m.a. utan svæðisins og þá má reikna með aukinni umferð gangandi og hjólandi milli skipulagssvæðisins og grunn- og leikskóla.

Lögð er áhersla á að allar umferðaræðar, bæði fyrir gangandi og hjólandi umferð verði tryggar sem og að allar tengingar séu öruggar og vel ígrundaðar með alla aldurshópa í huga, bæði innan hverfis sem og milli skólahverfa og yfir Reykjavíkurveg. Stíga og hjólreiðakerfi svæðisins skal við vinnslu deiliskipulags fá nánari útfærslu og samræmast göngu- og hjólaleiðakerfi Hafnarfjarðar.

Ýmsar umferðargreiningar m.a. á gatnamótum helstu gatna svæðisins hafa verið gerðar á undanförnum árum: EFLA (2018): „Umferðargreining á gatnamótum Flatahrauns og Álfaskeiðs ásamt áhrifum breytinga á gatnamótin við Fjarðahraun“, EFLA (2022): „Úttekt á aðgengi og umferðaröryggi við gönguþveranir á 50 km/klst götum í Hafnarfirði“, VSÓ Ráðgjöf (2024): „Afkastagreining umferðar við gatnamótin Reykjavíkurvegur – Hjallabraut/Hjallahraun“, Minnisblað. Sett er fram núverandi ástand og framtíðar sviðsmyndir vegna göngu- og hjólastíga við gatnamótin. Tengt vinnu við samgöngumat fyrir svæðið sem unnið var af Eflu var farið yfir aðgengi óvarðra vegfarenda og gönguleiðir barna, einnig voru gerðar ítarlegar greiningar á einstökum gatnamótum.

Helstu áskoranir eru við Reykjavíkurveg í tengslum við Borgarlínu og aðgengi að skólum í Norðurbæ og tengingar við Hraun austur um gatnamót Fjarðarhrauns. Vegagerðin bendi á ófullnægjandi núverandi ástandi hringtorgsins við Fjarðarhraun/Flatahraun/Bæjarhraun. Í ljósi þess að hringtorgið er nálægt afkastagetu sinni og ekki í samræmi við núgildandi hönnunarreglur, er mikilvægt að endurskoða fyrirkomulag þess sem hluta af heildarlausn fyrir svæðið. Með uppbyggingu svæðisins og fjölgun íbúa þarf að tryggja góðar göngu/hjólaleiðir m.a. að grunn- og leikskólum.

Skýringarkort fyrir vegi.
Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis
eru háðar leyfi frá Vegagerðinni.



Vegir í umsjá Vegagerðarinnar
Vegir
Fjarðarhraun veghelgun 30 m frá miðlínu

Skjal sótt af '0000' dags: 11.11.2026

3.5 Bílastæði

Nú í upphafi árs 2025 er unnið að endurskoðun Aðalskipulags Hafnarfjarðar og þar með að bíla- og hjólastæðastefnu fyrir bæinn, því liggur ekki fyrir almenn stefna um þetta í dag fyrir Hafnarfjörð. Þar sem þetta liggur ekki fyrir var nauðsynlegt að ákvarða hve mörg bíla- og hjólastæði eiga að rúmast á svæðinu. Leitast var við að finna gott jafnvægi í þeim efnum.

Árið 2020 var unnið deiliskipulag fyrir hluta þróunarsvæðisins, innan reits 1.3. Þar skal að jafnaði gera ráð fyrir 1,0-1,2 bílastæðum fyrir hverja íbúð og einu stæði fyrir hverja 50 m2 atvinnuhúsnæðis, einnig skal miða við 2 hjólastæði fyrir hverja íbúð og 1,5 fyrir hverja 100 m2 í verslun og þjónustu. Þessar forsendur gilda fyrir reit 1.3 innan skipulagssvæðis Hraun-Vestur.

Við ákvörðun um fjölda bíla- og hjólastæða fyrir svæðið í heild, að undanskildum reit 1.3, var horft til þessara gilda í samanburði við þær reglur sem Reykjavíkurborg hefur unnið. Ákveðið var að horfa til viðmiða á bíla- og hjólastæðum á svæði II (utan skilgreinds samgöngu- og þróunaráss í Reykjavík).

Í samgöngumatinu voru ofangreind viðmið sem þekkjast á höfuðborgarsvæðinu notuð. Viðmiðin eru í megin atriðum eftirfarandi 0.5, 0.75, 1.0 bst/pr íbúð eftir stærð og 0.1 bst/pr íbúð fyrir gesti og 0,3 – 1,5 bst/pr 100 m2 atvinnuhúsnæðis. Reiknað er með 1-2 hjólastæðum pr íbúð og 0,2 -3 pr 100 m2 atvinnuhúsnæðis. Í matinu er miðað við að helmingur íbúða sé 1-2ja herbergja (þá 0,75 bílastæði per íbúð) og helmingur 3ja herbergja eða stærri (þá eitt bílastæði per íbúð). Tekin var saman núverandi og möguleg atvinnustarfsemi á svæðinu og skv. því er miðað við eitt bílastæði fyrir hverja 85 m2 atvinnuhúsnæðis að meðaltali.

Stefnt skal að því að ná fram kostum blandaðrar byggðar með samnýtingu bílastæða. Skipulagi hönnun og útfærslu göturýma verður breytt samhliða umbreytingu/þróun svæðisins m.a. þannig að mjúkri umferð verður gert hátt undir höfði og bílastæði á yfirborði verða aðallega samsíða götu og verða þau aðallega til nota fyrir þá sem hafa skerta hreyfigetu, vöruþjónustu og eða þá sem ætla að dvelja stutt á svæðinu. Lögð er áhersla á að leitað verði hagkvæmra leiða við útfærslu og framkvæmd bílastæða.



Skjal sótt af '0000000' dags: 11.11 2026

3.6 Starfsemi & innviðir

Með breytingu landnotkunar í miðsvæði verður heimilt að vera með íbúðir og atvinnustarfsemi í bland ásamt því að gert er ráð fyrir að uppbygging á reitunum gefi svigrúm fyrir þá starfsemi sem fyrir er. Gæta þarf þess sérstaklega að starfsemi sem fer fram í sama húsnæði og/eða í grennd við íbúðir megi ekki vera íþyngjandi fyrir íbúa og aðliggjandi lóðarhafa og/eða með lóðarhafa. Við skráningu á starfsemi, endurnýjun á starfsleyfum eða umsóknum um starfsleyfi fyrir nýja atvinnustarfsemi er lagt til að sýnt verði fram á að starfsemi sé almennt ekki íþyngjandi fyrir nærumhverfi sitt og að fylgt sé almennum viðmiðum Aðalskipulags um blandaða byggð. Áfram verður heimilt að vera með minna mengandi starfsemi sem er takmörkuð að umfangi og þar sem grenndar-/umhverfisáhrif eru lítil sem engin.

Núverandi byggingarmagn

131.575 m²

83%
Skrifstofur
Iðnaður
Verslun & Þjónusta
Veitingar

17%
Íbúðir
112 stk.

Gisting/hótel

110.175 m²

21.400 m²

Þróunaráætlun byggingarmagn

382.500 m²


29%
Skrifstofur
Iðnaður
Verslun & Þjónusta
Veitingar

71%
Íbúðir
2500-3000 stk.

Gisting/hótel

110.175 m²

272.325 m²



Hraun vestur
Sviðsmynd frá Stakkahrauni




Skjal sótt af '00000000' dags: 11.11 2026

3.7 Grunn- & leikskólamál

Þróunaráætlunin fyrir Hraun Vestur reiknar með að í fullbyggðu hverfi geti verið nýr grunnskóli og nýir leikskólar í samræmi við íbúafjölda. Farið hefur verið yfir það að fyrstu ár uppbyggingar miðað við íbúaþróun sé mögulegt að nýta rými í skólum sem eru í nágrenninu fyrir framtíðaríbúa svæðisins. Ljóst er að vinna við breytingu á uppbyggingar möguleikum svæðisins mun verða samstarf/samvinna aðila, í ljósi þess er stefnt að því að skoða stöðuna á þörf fyrir pláss í grunn- og leikskólum í takt við breyttar uppbyggingar óskir þannig að hægt sé að aðlaga þjónustuna að þörfum hverju sinni.

Hagdeild Hafnarfjarðarbæjar heldur utan um tölfræði er varðar íbúaþróun og fjölda barna í grunn- og leikskólum bæjarins. Þessi gögn sýna að hlutfall barna á grunnskólaaldri í Hafnarfirði hefur minnkað frá 2017 úr 14,7% í 13,2% árið 2024. Svipuð þróun á sér stað í skólahverfum Víðistaðaskóla og Engidalsskóla og er hlutdeild grunnskólabarna í þeim 11 til 13,1% og er þar með lægra en meðaltalið í Hafnarfirði. Þess má vænta að laus pláss verði í þessum grunnskólum á næstu árum þar sem samfélagið í Norðurbær og Vesturbær er að eldast. Reiknað má með u.þ.b. 660 - 800 skólabörn frá fullbyggðu Hraun Vestur svæðinu (12% af 5.500 og 6.600 íbúum sem er væntanlegur íbúa fjöldi á svæðinu).

Enginn grunnskóli er á svæðinu fyrir utan NÚ skólann sem er einkarekinn enn nokkrir grunnskólar eru í aðliggjandi hverfum. Fjarlægð að Engidalsskóla og Víðistaðaskóli er 500-900 m og að Lækjarskóla eru 900 m frá syðsta hluta skipulagssvæðisins.



Tveir einkareknir grunnskólar, NÚ og Hjallastefnan koma einnig til greina, en nemendur í þessum skólum eru úr öllum hverfum.
Ekki er talinn þörf á að byggja nýjan skóla að svo stöddu en ýmsir möguleikar eru á staðsetningu fyrir nýjan grunnskóla innan svæðisins eða í jaðri þess. Við nokkra grunnskóla aðliggjandi hverfa liggja fyrir auknar byggingarheimildir.

Hafa þarf í huga að uppbyggingin spannar langt tímabíl og hefur sveitarfélagið ýmsa möguleika til að bregðast við. Við hverja umsókn nýs deiliskipulags verður grunnskóla og leikskólaþörf metin að nýju miðað við fjölda væntanlegra íbúða/íbúa. Jafnframt mun verða fylgst vel með íbúaþróun í hverfinu þannig að hægt sé að bregðast við tímanlega þegar nýjar aðgerðir eru nauðsynlegar, svo sem stækkun skólahúsnæðis. Reiknað er með að á fullbyggðu Hraun Vestur svæðinu verði u.þ.b. 660 - 800 grunnskólabörn. Sett er fram möguleg þrepaskipting varðandi uppbyggingu skóla tengt breytingunni:


Þrep 1: Uppbygging í Hjallahrauni 2, 4 og 4a samkvæmt deiliskipulagi staðfest 01.02.2023. Reiknað er með um það bil 110 grunnskólabörnum, metið er mögulegt að koma þeim fyrir í þeim skólum sem fyrir eru án þess að stækka þá.

Þrep 2: Engidalsskóli er skammt frá svæðinu og gæti þjónað því vel. Engidalsskóli hefur stækkunar möguleika bæði í formi viðbyggingar, sem og með því að nýta rými leikskóla sem er í skólabyggingunni.
Engidalsskóli er í dag með kennslu fyrir 1-5 bekk og hefur hann bæði möguleika á að fjölga nemendum á því kennslustigi og/eða vera með kennslu upp í 10. bekk.

Þrep 3-4: Eftir því hversu hratt svæðið byggist upp verður horft til þess að byggja við núverandi skóla/setja fleiri kennslustofur við þá eða að byggja nýjan skóla.

Þrep 5: Nýr skóli gerður annað hvort nýbygging eða núverandi húsnæði breytt í grunnskóla.
Nokkrir leikskólar eru í nágrenni svæðisins og er rými í leikskólunum rúmt miðað við fyrirliggjandi íbúaþróun og núverandi stöðu. Mikilvægt er þó að hugað verði að staðsetningu nýs leikskóla á svæðinu þó svo að ekki sé sýnileg ástæða til að hefja byggingu hans á þessu stigi. Í fyrirliggjandi deiliskipulagsáætlun „Gjótur“ er reiknað með möguleika á leikskóla. Reiknað er með því að leikskólar geti verið í einhverjum tilfellum hluti af ný-/viðbyggingum bygginga á svæðinu.

Tímalína:
Mjög mikilvægt er að horfa á þróun svæðis af þessari stærðargráðu til langs tíma.
Ef horft er til næstu 25 ára þá er raunhæft að gera ráð fyrir 500 íbúðum á hverju 5 ára tímabili. Áætla þarf þróun helstu innviða hverfisins í takt við þessa þróun fyrir hvert tímabil fyrir sig.



Skjal sótt af '0000' dags: 11.11.2026

4

Breyting á aðal-skipulagi

Skjal sótt af Þjóðskjalasafni 11.11.2026

4 Breyting á aðalskipulagi

Hér á eftir er farið yfir þau ákvæði í gildandi Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 sem taka breytingum eða falla úr gildi við breytingu landnotkunar á svæðinu í miðsvæði.

Samkvæmt Skipulagsreglugerð 90/2013, 6.2. gr., Stefna um landnotkun, er Miðsvæði (M), skilgreint eftirfarandi:

> *„Svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótel, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.“ ….*

4.1 Almenn atriði

Gerð er textabreytingar á eftirfarandi köflum almennra ákvæða:

- í kafla 2.2.1 Íbúðarbyggð, ákvæði um þéttingarsvæði á bls. 37 í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025.
- í kafla 2.2.5 Athafnasvæði, ákvæði um Svæðið milli Flatahrauns, Fjarðarhrauns og Reykjavíkurvegar (AT1)

4.2 Sérákvæði breytingarinnar


Innan svæðis milli Reykjavíkurvegar, Fjarðarhrauns og Flatahrauns taka nokkur sérákvæði fyrir reiti breytingum. Breytingar á landnýtingarflokkum samfara þessari breytingu verða:

- ÍB2; Íbúðasvæði 7 ha, fellur út,
- ÍB14; Íbúðasvæði 3 ha, fellur út,
- VÞ2; verslun og þjónusta 1,37 ha, fellur út,
- AT1; athafnasvæði 19,07 ha, fellur út,
- S10; lögreglustöð 0,2 ha, fellur út,
- Óbyggð svæði 3,43 ha, fellur út


Í stað þessara fimm svæða verður skilgreindur nýr flokkur M4; miðsvæði Hraunvestur, 34,1 ha. Tillaga þessi geri ráð fyrir að svæðið milli Flatahrauns, Fjarðarhrauns og Reykjavíkurvegar verði skilgreint sem miðsvæði M4 og að fjöldi íbúða á reit M4 geti orðið 2.500-3.000.

Tillaga að skilgreiningu fyrir nýtt miðsvæði M4 eru eftirfarandi:

> ***Svæði milli Flatahrauns, Fjarðarhrauns og Reykjavíkurvegar (M4):***
>
> *Hraun Vestur er svæðið milli Reykjavíkurvegar, Flatahrauns og Fjarðarhrauns, skilgreint sem Miðsvæði M4. Horft er til þess að á svæðinu verði blönduð byggð, þar er áhersla lögð á blandaða byggð sem byggir á þróunaráætlun fyrir Hraun Vestur og rammahluta aðalskipulagsbreytingarinnar uppdrátt og greinargerð. Horft er til þess að á svæðinu verði blönduð byggð verslun, þjónusta, m.a. heilbrigðistengd svo sem hjúkrunarheimili, menningarstofnanir, skrifstofur og allt að 2500-3000 íbúðir einkum á efri hæðum bygginga. Léttur iðnaður svo sem matvæla- og lyfjaframleiðsla er áfram heimil á svæðinu.*
>
> *Unnin var rammahluta áætlun fyrir svæðið, þar er svæðinu skipt upp í hverfi/reiti þar sem nánar er fjallað um áherslur hvers hverfis/reits sem veganesti/skilmálar inn í deiliskipulags vinnu þeirra á svæðinu. Þar eru bundnir nokkrir mikilvægir þættir svo sem stýrilínur um uppbyggingu randbyggðar í kafla 4, byggðamynstur/yfirbragð/uppbrot/opnun byggðarinnar og flæði um hana. Í kafla 5 eru skipulagsákvæði/skilmálar fyrir hvern reit sem varða m.a. hæð bygginga, nýtingarhlutfall, fjölda íbúða og hlutfall verslunar/þjónustu á jarðhæð sem eru bindandi fyrir gerð deiliskipulags, sýndir byggingafletir eru ekki bindandi.*
>
> *Eitt megin markmið með breytingunni er að byggðin myndi eina heild í ákveðnu byggðamynstri og geti þróast á forsendum þeirrar byggðar og mannvirkja sem fyrir er og geti þannig þróast og breyst yfir langan tíma innan þess fyrirsjáanleika sem rammahluta áætlunin gefur.*



Hlutamynd úr gildandi Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025



Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025

Skjal sótt af 'Opið hús' dags: 11.11 2026

4.3 Hraun vestur rammahluti aðalskipulags

Í ljósi þess að um stórt og mikilvægt þróunar og umbreytingasvæði miðsvæðis í Hafnarfirði er að ræða, sem fyrirhugað er að umbreytist á löngum tíma var ákveðið að setja breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna Hrauns vestur fram sem rammahluta aðalskipulags.

Rammahluti aðalskipulags bíður upp á aðferð/leið sem auðveldar utan umhald uppbyggingar yfir lengri tíma og er tilgangur hans að setja fram heildstæða og raunhæfa stefnu um þróun byggðarinnar út frá heildar hugmynd. Þetta er ekki síst mikilvægt m.t.t. þess að framtíðarsýnin er í megin atriðum að svæðið fái að þróast og byggjast upp á grunni núverandi byggðar og forsendna úr þróunaráætlun að frumkvæði einstakra lóðarhafa og óska/hugmynda þeirra. Með þessari leið er gerlegra að halda utan um uppbyggingu einstaka reita m.t.t. heildarinnar.

Tengt vinnunni þarf að huga að fjölmörgu m.a. tengt samhengi innan svæðisins og utan, gæðum byggðar, tengingum og innviðum. Þess vegna var unnin Þróunaráætlun sem forvinna breytingarinnar, tengt vinnu við gerð rammahluta aðalskipulags voru unnar greiningar fyrir svæðið, þannig að sem best mynd fengist af áhrifum hennar.

4.4 Helstu markmið og nálgun tillögunnar:

„LÍFRÆN ÞRÓUN SVÆÐISINS”
Mikilvægt er að uppbyggingin taki mið af fyrirliggjandi byggðarmynstri og atvinnustarfsemi. Markmiðið er að gefa kost á uppbyggingarmöguleikum og blandaðri notkun og að gefa hverfinu færi á að umbreytast hægfara í þétta, blandaða byggð, þar sem bæði er að finna íbúðir og atvinnu þannig að innviðir nýtist betur og mannlífið styrkist.

UMHVERFISVÆN UPPBYGGING
Markmiðið er að lögð verði áhersla á vistvænar byggingaraðferðir, efnisnotkun og framkvæmdarferla. Af umhverfis- og samfélagslegum ástæðum er mikilvægt að finna leið til að gefa byggingum nýjan tilgang og sporna gegn óþarfa niðurrifi.

ATVINNA
Markmiðið er að styðja við núverandi atvinnustarfsemi og að skilyrði verði sköpuð fyrir aukna fjölbreytni í atvinnutækifærum innan hverfisins.

BÆJARRÝMI
Miklu máli skiptir að hverfið sé göngufært og að það séu skapaðar aðstæður þar sem manneskjan er í forgangi. Markmiðið er að bæta bæjarrýmin m.a. með því að veita aukið rými fyrir gangandi vegfarendur og skapa líflegt og mannvænt hverfi.“

4.5 Megin hugmynd/heildarmynd


„Byggt á gömlum grunni”
Framtíðarsýnin er í megin atriðum að svæðið fái að þróast og byggjast upp á grunni núverandi byggðar og þróunaráætlunar að frumkvæði einstakra lóðarhafa og óska/hugmynda þeirra. Tillagan er unnin á forsendum þeirrar byggðar sem fyrir er m.a. þannig að þau mannvirki sem eru til staðar geti staðið áfram og breyst í takt við það byggðamynstur og þá notkun sem þau eru hluti af og tillagan leggur til. Vel getur þó komið til greina að einhver hús víki sýni sig að þau séu ekki heilbrigð og ef það þjónar breyttum hugmyndum. Rík ástæða þarf að vera til staðar til þess að framtíðaruppbygging byggi á niðurrifi þeirra mannvirkja sem fyrir eru.

Einkenni byggðar - útveggur og inngarður:
Byggðin rýs hæst í útjaðri svæðisins þar sem mest verslun og þjónusta er og mest umferð. Byggðin lækkar inn að miðju svæðis, umhverfið verður grænna og hlutfall íbúða eykst

Inngarðar og græn svæðið
Nýr rammi byggir því á að í framtíðinni verði til úr núverandi byggð og nýrri uppbyggingu, svokölluð randbyggð. Græn svæði og inngarðar myndast innan randbyggðarinnar.

Blönduð byggð
Blönduð byggð með mismunandi áherslum eftir staðsetningu. Áhersla er lögð á **verslun og þjónustu** ásamt **skrifstofum** við breiðgötur og borgargötur. Við vistgötur eru **íbúðir** að hluta til einnig á jarðhæðum. Húsnæði verslunar og þjónustu er þó ávallt í götuhæð og er þar af leiðandi með hærri lofthæð.“

Græn svæði
Lögð er áhersla á að leik- og græn svæði, með góðu aðgengi, séu á svæðinu m.a. til að tryggja möguleika íbúa til að stunda hreyfingu og njóta útivistar. Eðlilegt er að upphaf grænna svæða taki mið af náttúrulegum hraunbolla við Helluhraun og liggja sem hryggjarsúla eftir miðju svæðinu. Garðar og torg á einstaka reitum munu hvert um sig fá sín sérkenni byggða á staðsetningu og nánasta umhverfi. Skipulagslega skal samhæfa í deiliskipulagi einstaka reiti öðrum og þannig skapa samhangandi græn svæði sem binda einstaka hverfi og reiti saman. Græn svæði milli húsa, götur, stígar og hjólreiðaleiðir skulu hafa gróðurfar að leiðarljósi við alla úrvinnslu á deiliskipulagsstigi. Þessi hugmyndafræði gagnvart almenningsrýmum er til þess fallin að bæta lífsgæði íbúa í hverfinu, atvinnulíf sem og vinnustaði.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

4.6 Uppbygging randbyggðar

Rammi nýrrar byggðar:
Rammi randbyggðar er 16 metrar á dýpt svo hann nái utanum sem mest af núverandi byggingum. Inngarður myndast þá á miðri lóð sem nýtist sem sameiginlegt opið svæði.

Húsmassi:
Hæð byggingamassans fylgir reglum um hæðartakmarkanir reita/hverfa.

Op í inngarða:
Til að fá góða tengingu við bakgarð þá skal opna randbyggðina á minnst tveimur eða þremur hliðum og skulu opin vera á bilinu 8-12 metrar. Þessi op nýtast einnig til þess að þjónusta lóðina t.d. fyrir djúpgáma.

Gangstéttar:
Gangstéttar eru misbreiðar allt eftir því við hvaða gatnategund þær liggja. Við aðalgötu bæjargötur verða þær 2 metrar en við vistgötur og þar sem sólar nýtur eða verslun verða þær breikkaðar upp í 4,5 metra.


Götur og bílastæði:
Við breiðgötur eru bílastæði aðskilin frá götu með grænu svæði og gróðri eins og er í dag við Reykjavíkurveg. Við borgargötur er bæði gangstígar og hjólreiðastígar og samsíða bílastæði. Við vistgötur eru gangstígar og samsíða stæði auk þess sem gatan er þrengri.

Byggingarfletir:
Byggingarfletir eru ekki bindandi. Þeir eru 16 m en húsdýpt íbúðahúsa skal ekki vera meira en 14 m.

Sól og birta:
Hæðir bygginga taka mið af sólarstöðu og er almennt krafa um lægri húshæðir til suðurs og vesturs svo sólar njóti við í inngörðum randbyggðar. Í deiliskipulagsáætlunum skal gera grein fyrir skuggavarpi og birtustigi innan reits og einnig frá aðliggjandi byggð.


Stakstæð hús & efni:
Massan skal brjóta upp í stakstæð hús, minnst tvær til þrjár byggingar á hverri hlið. Til að styrkja sérstöðu hvers húss þá er annað hvert hús inndregið um minnst 2 metra og alltaf einnar hæðar munur á húsum sem standa hlið við hlið. Notast skal við mest tvö efni pr. hús og skal ekki notast við sömu efni í samliggjandi húsum.

Þakform:
Mælst er til að helmingur þakflata skuli vera græn þök en að öðru leyti eru þakform frjáls.“




Gangstéttar

Gangstéttar eru misbreiðar allt eftir því við hvaða gatnategund þær liggja. Við aðalgötu bæjargötur verða þær 2 metrar en við vistgötur og þar sem sólar nýtur eða verslun verða þær breikkaðar upp í 4,5 metra.




Götur og bílastæði

Við breiðgötur eru bílastæði aðskilin frá götu með grænu svæði og gróðri eins og er í dag við Reykjavíkurveg. Við borgargötur er bæði gangstígar og hjólreiðastígar og samsíða bílastæði. Við vistgötur eru gangstígar og samsíðastæði auk þess sem gatan er þrengri.




Byggingarfletir

Byggingarfletir eru 16 m en húsdýpt íbúðahúsa skal ekki vera meira en 14 m.




Rammi nýrrar byggðar

Rammi randbyggðar er 16 metrar á dýpt svo hann nái utanum sem mest af núverandi byggingum. Inngarður myndast þá á miðri lóð sem nýtist sem sameiginlegt opið svæði.




Húsmassi

Hæð byggingarmassans fylgir reglum um hæðartakmarkanir reita/hverfa.




Op í inngarða

Til að fá góða tengingu við bakgarð þá skal opna randbyggðin á minnst tveimur eða þremur hliðum og skulu opin vera á bilinu 8-12 metrar. Þessi op nýtast einnig til þess að þjónusta lóðina t.d. fyrir djúpgáma.




Sól og birta

Hæðir bygginga taka mið af sólarstöðu og er almennt krafa um lægri húshæðir til suðurs og vesturs svo sólar njóti við í inngörðum randbyggðar. Í deiliskipulagsáætlunum skal gera grein fyrir skuggavarpi og byrtustigi innan reits og einnig frá aðliggjandi byggð.



Stakstæð hús & efni

Massinn skal brotinn upp í stakstæð hús, minnst tvær til þrjár byggingar á hverri hlið. Til að styrkja sérstöðu hvers húss þá er annað hvert hús inndregið um minnst 2 metra og alltaf einnar hæðar munur á húsum sem standa hlið við hlið. Notast skal við mest tvö efni pr. hús og skal ekki notast við sömu efni í samliggjandi húsum.



Þakform

Mælst er til að helmingur þakflata verði græn þök og að unnið sé með fjölbreytt þakform.

Skjal sótt af '00000000' dags: 11.11.2026

5

Hverfin & Reitirnir

Skjal sótt af 'xxxxxxxx' dags. 11.11.2026


Hverfin

Skipting svæðis í hverfi

Svæðið í heild sinni mun einkennast af verslun, þjónustu og skrifstofum í jöðrunum, byggðin blandast með íbúðabyggð inn að miðju. Grænt svæði teygir sig frá suðri til norðurs og tengir saman mismunandi hverfi.

Svæðinu er skipt upp í sjö hverfi sem öll hafa einhverja einkennandi sérstöðu. Hvert hverfi er þróað útfrá þessu sérkenni og íbúðabyggð blandast því hverju hverfi á mismunandi hátt.

Hverfi 1 - Gjótur
Hverfi 2 - Flatir
Hverfi 3 - Hjallar
Hverfi 4 - Hellur
Hverfi 5 - trönur
Hverfi 6 - Dalur
Hverfi 7 - Stakkar



Rammi
Núv. bygg.
Lóðarmörk
Bygg.flötur.
Hverfi
Reitir
Götur
Garðar

Reitirnir

Skipting hverfa í reiti

Hvert hverfi fyrir sig greinist svo niður í nokkra reiti sem fá nr. hverfis og nr. reits (3.1 fyrir hverfi 3 og reit nr. 1). Skipting í reiti stýrist af núverandi og verðandi byggðarkjarna og gatnakerfi.

Hverfin skiptast í 23 reiti.



Rammi
Núv. bygg.
Lóðarmörk
Bygg.flötur.
Hverfi
Reitir
Götur
Garðar

Skjal sótt af '0000000' dags: 11.11 2026



Hverfi 1 - Gjótur

5.1 Gjótuhverfi

Á svæðinu eru núna annars vegar 2.–3. hæða byggingar með verslun/þjónustu á jarðhæð og hins vegar iðnaðarbygginar og þjónustustöðvar olíufélaga. Á suðvestur horni svæðisins eru 3-5 hæða íbúðarhús.

Gert er ráð fyrir möguleikanum á því að auka byggingarmagn með nýrri randbyggð og viðbyggingum ofan á eða aftanvið húsin. Íbúðarhús á sv hornin verða óbreytt. Þróun byggðar við Gjótuhraun yrði hægfara og sjálfsprottin. Framhlið byggðar að Flatahrauni verði að mestu óbreytt.



Hraun vestur
Sviðsmynd frá Stakkahrauni

Í fyrirhugaðri byggð er gert ráð fyrir blandaðri byggð með verslun og þjónustu á jarðhæð og einhverjum skrifstofum á efri hæðum en þó aðallega íbúðum. Hverfið verður í beinum tengslum við ósnortinn hraunbolla við Helluhraun sem verður hluti af útivistarsvæði og grænum ás bæjarhlutans.

Hverfið skiptist innbyrðis í fimm reiti m.t.t. mismunandi byggðamynsturs.
1.1, 1.2, 1.3, 1.4 og 1.5.

Atvinnustarfsemi á reitnum er skrifstofur, verslun þjónusta og léttur iðnaður.
Íbúðabyggð með góða tengingu við grænt svæði og hótel til vesturs.

Hæðir húsa 1-8

Fjöldi íbúða allt að 927 stk.

Græna svæðið tengist hraunbollanum

Skjal sótt af 'OOOOOOOO' dags: 11.11 2026

Reitur 1.1 & 1.2

Gjótuhverfi við Reykjavíkurveg

Á suðvestur horni svæðisins eru 3-5 hæða íbúðarhús en á norður hluta reits eru bensínstöðvar, vöruskemmur og þvotta-, bílaplan.

Lögð er til stækkun við íbúðarhús á suðvestuhorni reits 1.1 með verslun og þjónustu á jarðhæð. Á reit 1.2 er gert ráð fyrir nýrri randbyggð.



Reitur 1.1

Hæðir húsa 3-5, almennt lægri hús til austurs og suðurs og hærri til norðurs og vesturs.

Atvinna á 1. hæð húsa, sjá skýringarmynd.

Bílakjallari (ef undir inngarði, þá opnanir fyrir tré og gróður)

Nýtingarhlutfall 1,23

Fjöldi íbúða: 113
(núv. fj. íbúða: 95 - nýjar íbúðir: 18)

Reitur 1.2

Hæðir húsa 3-6, almennt lægri hús til austurs og suðurs og hærri til norðurs og vesturs.

Atvinna á 1. hæð húsa, sjá skýringarmynd.

Bílakjallari (ef undir inngarði, þá opnanir fyrir tré og gróður)

Nýtingarhlutfall 1,78

Fjöldi íbúða: 137



Rammi
Núv. bygg.
Lóðarmörk
Bygg.flötur.
Hverfi
Reitir
Götur
Garðar

50%
100%
Hlutfall verslunar & þjónustu á jarðhæð
Valfrjálst
Breiðgata
Borgargata
Vistgata

Sitjandi
Standandi
Hægagangur
Gangur
Óþægilegt



Hlutfall verslunar & þjónustu á 1. hæð á reitnum.



Vindgreining er skv. Lawson 2001 skalanum, þar er grænn bestur, gulur þar á eftir og svo appelsínugulur og rauður sýnir verstu skilyrðin.



Klukkustundir 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10

Sólargreining miðað við 1.maí á milli kl 9-17. Skalinn sýnir tímafjölda sólarstunda. Gulur (ljós) sýnir bestu aðstæður og blár (dökkur) þá verstu.

Reitur 1.3

Deiliskipulag í gildi



Gjótuhverfi við Hjallahraun

Reiturinn liggur við Hjallahraun til norðurs þar sem hæðir húsa eru 3-8 hæðir. Út að Reykjavíkurvegi er þjónusta á jarðhæð. Deiliskipulag fyrir reitinn er í gildi, samþykkt 14.10.2020.

Gert er ráð fyrir háu hlutfalli íbúða á þessu svæði en einhver verslun og þjónustu verður á jarðhæð. Austanvert á reitnum er gert ráð fyrir leikskóla með leiksvæði í tengslum við grænt miðsvæði hverfisins.

Reitur 1.3

Sjá gildandi deiliskipulag, skilmálar eru í megin atriðum eftirfarandi:
Hæðir húsa 3-8,

Atvinna á 1. hæð húsa, sjá skýringarmynd.

Nýtingarhlutfall 2,04

Fjöldi íbúða: 500



Rammi
Núv. bygg.
Lóðarmörk
Bygg.flötur.
Hverfi
Reitir
Götur
Garðar

Hlutfall verslunar & þjónustu á jarðhæð
50%
100%
Valfrjálst
Breiðgata
Borgargata
Vistgata

Sitjandi
Standandi
Hægagangur
Gangur
Óþægilegt



Klukkustundir 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10

Sólargreining miðað við 1.maí á milli kl 9-17. Skalinn sýnir tímafjölda sólarstunda. Gulur (ljós) sýnir bestu aðstæður og blár (dökkur) þá verstu.



Vindgreining er skv. Lawson 2001 skalanum, þar er grænn bestur, gulur þar á eftir og svo appelsínugulur og rauður sýnir verstu skilyrðin.



Hlutfall verslunar & þjónustu á 1. hæð á reitnum.

Skjal sótt af '0000dgs: 11.11.16

Reitur 1.4 & 1.5

Gjótuhverfi við Reykjavíkurveg

Í dag eru aðallega lítil iðnaðarhús með smærri iðnaði eða verslun á svæðinu og þjónustu út að Helluhrauni.

Gert er ráð fyrir að halda á þessu svæði mikilli verslun og þjónustu á jarðhæð og að miklu leyti í nýbyggingum. Á efri hæðum verður blanda af skrifstofum, hótelum og íbúðum.

Leikskóli gæti verið staðsettur í góðri tengingu við hraunbolla og bæjartorg.





Rammi
Núv. bygg.
Lóðarmörk
Bygg.flötur.
Hverfi
Reitir
Götur
Garðar

Reitur 1.4

Hæðir húsa 2-3.
Atvinna á 1. hæð húsa, sjá skýringarmynd.
Græni ásinn skal vera aðgengilegur öllum
Nýtingarhlutfall 1,31
Fjöldi íbúða: 120

Reitur 1.5

Hæðir húsa 1-4.
Atvinna á 1. hæð húsa, sjá skýringarmynd.
Græni ásinn skal vera aðgengilegur öllum
Nýtingarhlutfall 0,63
Fjöldi íbúða: 57

50%
100%
Valfrjálst
Breiðgata
Borgargata
Vistgata
Hlutfall verslunar & þjónustu á jarðhæð



Hlutfall verslunar & þjónustu á 1. hæð á reitunum.



Vindgreining er skv. Lawson 2001 skalanum, þar er grænn bestur, gulur þar á eftir og svo appelsínugulur og rauður sýnir verstu skilyrðin.



Klukkustundir 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10

Sólargreining miðað við 1. maí á milli kl 9-17. Skalinn sýnir tímafjöldi sólarstunda. Gulur (ljós) sýnir bestu aðstæður og blár (dökkur) þá verstu.

Sitjandi
Standandi
Hægagangur
Gangur
Óþægilegt



Hraun vestur
Sviðsmynd frá grænu miðsvæði

Skjal sótt af 'OOOOOOOOOO' dags: 11.11.2026



Hraun vestur
Sviðsmynd frá Stakkahrauni

Hverfi 2 - Flatir

5.2 Flatahverfi

